

Vinagarður 2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans 2020-2021	4
2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022.....	5
3 Innra mat deilda	7
3.1 Innra mat Uglugarðs.....	7
3.2 Innra mat Kópagarðs	8
3.3 Innra mat Grísagarðs	9
3.4 Innra mat Ungagarðs	10
3.5 Innra mat Lambagarðs.....	11
4 Greinargerð og innra mat sérkennslu	12
5 Greinargerð og innra mat – fjöltyngd börn	12
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	13
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	13
8 Foreldrasamvinna	14
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
10 Fylgigögn.....	16
10.1 Greinargerð deildarstjóra Uglugarðs um starfið 2020-2021	16
10.2 Greinargerð deildarstjóra Kópagarðs um starfið 2020-2021	17
10.3 Greinargerð deildarstjóra Grísagarðs um starfið 2020-2021	18
10.4 Greinargerð deildarstjóra Ungagarðs um starfið 2020-2021	19
10.5 Greinargerð deildarstjóra Lambagarðs um starfið 2020-2021.....	20
10.6 Umsögn foreldraráðs.....	21



Leiðarljós leikskólans

Leikskólinn Vinagarður hefur **trú, von og kærleika** að leiðarljósi í öllu sínu skólastarfi.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það voru eftirvæntingafullir starfsmenn sem mættu til starfa að loknu sumarleyfi sumarið 2020. Við vorum sannfærð um að tekist hefði að ná tökum á Covidinu og að framundan væru bjartari tímar uppfyllir af nýjum tækifærum. Stór hópur af börnum var að hefja skólagöngu sína í leikskólanum. Við komumst fljótlega að því að flest börnin þekktu ekki annað en að búa við samkomubann, skert samskipti við annað fólk og flestir að koma úr faðmi foreldra. Þetta setti mark sitt á aðlögun barnanna fram að áramótum. Annars gekk leikskólastarfið vel þrátt fyrir Covid ástandið, ýmiskonar takmarkanir, hólfaskiptingu og aðrar varúðarráðstafanir sem að taka varð upp í leikskólanum. Engin smit komu upp í leikskólanum sem var mikill léttir fyrir alla og því lítið um veikindi almennt. Vissulega reyndu þessar aðstæður á börnin og starfshópin en öllu þessu var mætt með bjartsýni og þolinmæði að leiðarljósi. Það eru forréttindi að hafa fengið að þátt í lífi barnanna og hlúa að þeim í þessum erfiðu aðstæðum sem hafa verið í samfélaginu stóran hluta skólaársins og stóran hluta af lífi yngstu barnanna í leikskólanum.

Liðið skólaár er óneitanlega sérstakt fyrir mig sem leikskólastjóri þar sem þetta er síðasta starfsárið mitt, en ég læt af störfum í lok skólaársins eftir 22 ára starf í Vinagarði og miklar breytingar á rekstrarformi og öllu skipulagi skólans. Nýr leikskólastjóri Hildur Björk Svavarsdóttir kom til starfa um miðjan júní og hefur starfað með mér fram að sumarleyfi. Hildur er með mikla og fjölbreytta reynslu í skólamálum. Það eru forréttindi að fá svona öflugan og flottan skólastjóra til starfa í leikskólann okkar. Ég óska Hildi velfarnaðar í starfi.

Seigla, vellíðan og framfarir barnanna er það sem skiptir mestu máli og gefur starfi okkar leikskólastarfsmanna gildi.

F. h. leikskólans Vinagarðs þann 1. júlí 2021

María Sighvatsdóttir



2 Innra og ytra mat leikskólans 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Þemavikur	Umræður deildarstjóra, umræður deilda, spurningar til barna	Starfsfólk og börn	Að vinna með sama þema í lengri tíma í senn skilaði ánægju hjá börnunum og meiri dýpt í verkefnum. Í ljós kom að þetta skipulag hentaði ekki eins vel á yngri deildum þar sem þurfti meiri sveigjanleika til að ná sömu markmiðum. Sjá nánar kafla um innra mat deilda.
Mat barna á leikskólastarfinu	Spurningar lagðar fyrir börn, einstaklingslega eða í litlum hópum	Börn frá þriggja ára aldri	Söngur og dans komu oftast fram sem það sem börnunum fannst skemmtilegast í starfinu, einnig útivera og listsköpun. Að sitja kjurr eða róleg verkefni eins og að lita komust á blað yfir það sem gat verið erfiðast að mati barnanna.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorf foreldra til leikskólans	Rafræn foreldrakönnun í mars og apríl 2021 á vegum Vísu rannsókna ehf. og skóla- og frístundasviðs	Foreldrar allra barna í leikskólanum. Svarhlutfall var 83%.	Foreldrar sáu mikla styrkleika í stjórnun og stefnu skólans, einnig hvað snertir öryggi og líðan barns. Tækifæri til umbóta liggja í að fá foreldra meira inn í mat á framförum barnsins og á leikskólastarfinu í heild og finna hugmyndum þeirra um leikskólastarfið formlegan farveg. Einnig þarf að skoða leiðir til að auka rafræna upplýsingagjöf um daglegt starf.



2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta - dæmi	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Hefja vinnu við endurskoðun skólanámskrár	Stofna undirbúningshóp sem velur aðferð til að þátttaka allra hópa náist, byrjar rýningu á eldri námskrá	Leikskóla-stjóri	Janúar 2022	Júní 2022	Nýta gátlista um skólanámskrá	Rýningu á eldri námskrá lokið, drög að samráði við skólasamfélagið liggi fyrir
Leikskólapróun og símenntun	Búa til símenntunaráætlun	Hluti af starfsmannasamtölum	Leikskóla-stjóri	Janúar 2022	Mars 2022	Viðtöl við starfsfólk	Símenntunaráætlun liggi fyrir
Uppeldis- og menntastarf							
Mat á námi og velferð barna	Skoða hvernig auka má aðkomu foreldra að mati á framförum barna þeirra	Kynna náms- og þroskamarkmið betur fyrir foreldrum, skoða undirbúning foreldraviðtala	Deildar-stjórar	Haust 2021	Júní 2022	Senda rafræna könnun til foreldra um efnið	Að meðaltal foreldra sem hafi tekið þátt í að meta framfarir barnsins sé hærra en 4 (mælikvarði SFS).
Uppeldi, menntun og starfshættir	Allar deildir skoði frjálsa leikinn, tilgang, þátttöku og virkni	Fá inn fræðslu fyrir starfsfólk, umræður á deildarfundum, skráningar	Stjórnenda-teymi	Sept. 2021	Maí 2022	Skráningar á frjálsu leik liggi fyrir á deildum, könnun til starfsfólks	Deildir hafi unnið tillögur/umbætur byggðar á skráningunum, aukin þekking starfsfólks
Leikskóli án aðgreiningar	Móttaka og stuðningur við fjöltyngd börn verði markvissari	Nýtum hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn og berum saman við verklag skólans	Sérkennslu-stjóri	Ágúst 2021	Júní 2022	Mat leikskóla-stjóra og deildar-stjóra	Áætlun verði tilbúin til notkunar og skilgreiningar tilbúna til að vinna eftir á deildum.



MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta - dæmi	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Mannauður/ Leikskólabragur							
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Bæta daglega upplýsingagjöf til foreldra	Taka upp leikskólakerfið Karellen og setja þar inn upplýsingar um umönnun barnsins, myndir, matseðil og fleiri upplýsingar fyrir foreldra	Stjórnendateymi	Maí 2021	Maí 2022	Skoða fjölda færslna í Karellen kerfinu tvisvar á önn. Rýnihópur foreldra af öllum deildum haldinn vorið 2022.	Að allar deildir sýni virkni í að setja inn upplýsingar og mat foreldra á virkninni sé gert vorið 2022
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Finna ábendingum og tillögum foreldra um leikskólastarfið farveg	Sendu út stuttar rafrænar kannanir um afmörkuð efni í skólastarfinu	Leikskólastjóri	Okt. 2021	Maí 2022	Að amk tvær viðhorfskannanir hafi verið sendar út	Að ábendingar eða hugmyndir foreldra hafi verið nýttar í leikskólastarfinu
Innra mat							
Skipulag og viðfangsefni	Búa til matsáætlun til 2025	Skoða markmið skólans og áherslur, velja gæðakerfi og setja fram áætlun	Leikskólastjóri, matsteymi	Sept. 2021	Júní 2022	Matsáætlun liggi fyrir	Matsáætlun birt í starfsáætlun
Gagnaöflun og vinnubrögða	Þátttaka starfsfólks og foreldra í mati á leikskólastarfinu	Stofna matsteymi	Leikskólastjóri	Ágúst 2021	Júní 2022	Fundargerðir matsteymis	Matsteymi hafi fundað reglulega og áherslur beggja hópa séu greinilegar



3 Innra mat deilda

3.1 Innra mat Uglugarðs

Umbótaverkefni starfsársins snéri að þemavikum þar sem skipuleggja átti þeimavikur og vinna með sama þema í þriggja vikna lotum. Markmiðið var að fá meiri samfellu í þemavinnuna og auka fjölbreytni. Vel tókst til að vinna með þemað í þriggja vikna lotum. Það skapaðist meiri samfella og skemmtilegra fyrir börnin að vinna verkefni dag eftir dag. Við unnum með þemað yfir allan daginn. Eftirvæntingin hjá börnunum var mikil og þau spurðu gjarnan “má ég aftur á morgun.”

Einnig var gerð tilraun með vinnustöðvar í tengslum við þemavikurnar. Börnin komu með tillögur að verkefnum og út frá hugmyndum þeirra voru búnar til þrjár vinnustöðvar. Börnunum var skipt í þrjá hóp og fóru þau á allar vinnustöðvarnar. Starfsfólkið var með sína vinnustöð og tók því hver starfsmaður á móti öllum börnunum. Börnin höfðu áhrif á það sem var gert á vinnustöðvunum og var vinnan misjöfn eftir hópum. Okkur fannst þetta koma mjög skemmtilega út og börnin spennt að prófa allar vinnustöðvar. Börnin mátu sjálf þemavinnuna í litlum hópum og var mikil ánægja með starfið. Hér má sjá nokkur dæmi:

Hvað var skemmtilegast að gera í þemavinnunni? Eldri hópur

- Allt jafn skemmtilegt
- Segja söguna Veiða vind
- Gera brúðurnar
- Búningar
- Leikbrúður
- Að gera búning

Hvað var skemmtilegast að gera í þemavinnunni? Yngri hópur

- Sporðdrekann í vindinum
- Mála mynd
- Drekarir
- Föndra
- Búa til drekann
- Mála
- Búa til söguna

Nánari upplýsingar um starfið á Uglugarði 2020-2021 má finna í fylgiskjali, m.a. um nánari útfærslu þemaviknanna, málörvun og aðrar áherslur liðins vetrar.



3.2 Innra mat Kópagarðs

Við settum okkur það markmið að finna útfærslur á þemastarfinu þannig að það yrðu tvær þriggja vikna lotur, ein lota á hverri önn. Fljótlega kom í ljós að ekki gengi að vinna þemað í lotum og því urðu ekki fastar stundir á Kópagarði heldur hafa það í flæði, unnið jafnt og þétt og áhugi barnanna virkjaður og hugmyndir þeirra nýttar til frekari vinnu og umræðu. Öll börnin náðu að gera verkefni sem tengdust þemanu þrátt fyrir þessa breytingu á fyrirkomulagi.

Mat á þemavikum fór fram í umræðum starfsfólks og einnig voru lagðar spurningar fyrir börnin um leikskólastarfið almennt. Að mati starfsfólks gekk fyrirkomulag á hópastarfinu vel í vetur og börnin voru virk og áhugasöm og þemað einhvern veginn alltaf í umræðunni hjá okkur. Næsta vetur skoðum við kannski að hafa fasta hópa í hópastarfi og ákveðna daga.

Hér má svo sjá dæmi um niðurstöður úr mati barnanna:

Hvað lærum við í leikskólanum?

- Að leika, fara út og klæða mig og syngja
- Sveifla hak og rækta nýjan skóg
- Sitja kjurr, syngja og æfa að leika sér
- Ný lög, skiptast á, leika og vera vinir

Nánari upplýsingar um starfið á Kópagarði 2020-2021 má finna í fylgiskjali, m.a. um nánari útfærslu þemaviknanna, málörvun og aðrar áherslur liðins vetrar.



3.3 Innra mat Grísagarðs

Í síðustu starfsáætlun var ákveðið að næst yrði gert innra mat á þemavinnunni. Á Grísagarði var þemað unnið í tveimur lotum sem standa yfir í þrjár vikur. Ein lota á haustönn og ein á vorönn. Við unnum þemað í lotum í staðin fyrir að vinna með það einn dag í viku. Þó svo að þemað hafi verið unnið í lotum voru umræður, verkefnavinna og skapandi starf unnið líka jafnt og þétt yfir alla önnina en gerðum meira úr því í lotunum. Unnið var vel í lotunum og öll börn náðu að vinna að verkefnum tengd þemanu en einnig var þemanu komið inn í öðru starfi gegnum veturinn, vegna þess að við vorum með yngri börn og meiri endurtekningar þörf.

Mat starfsfólks leiddi í ljós að fyrirkomulagið á hópastarfinu og þemavinnunni gekk vel í vetur, börnin voru nokkuð áhugasöm og virk. Taka þarf tillit til hvernig nemendhópurinn er samsettur og einnig hversu virkir starfsmennirnir eru til þess að þetta gangi vel.

Börnin fengu tækifæri til að meta það sem þeim þótti skemmtilegast og leiðinlegast í leikskólastarfinu, auk tónlistarstunda. Hér eru nokkur dæmi um niðurstöður:

Hvað er skemmtilegast í leikskólanum ?

- Leika saman, leika með dúkkur
- Leika og púsla og gaman í ávaxtastund
- Gaman í tónlist
- Að labba og úti að leika

Hvað er skemmtilegast í tónlist?

- Skemmtilegast að spila á hljóðfæri og dansa
- Skemmtilegt að dansa

Hvað er leiðinlegast í leikskólanum?

- Það er leiðinlegt að púsla
- Að sitja kjurr
- Að lita

Nánari upplýsingar um starfið á Grísagarði 2020-2021 má finna í fylgiskjali, m.a. um nánari útfærslu þemaviknanna, málörvun og aðrar áherslur liðins vetrar.



3.4 Innra mat Ungagarðs

Í síðustu starfsáætlun var ákveðið að næst yrði gert innra mat á þemavinnunni, áætlað var að vinna þemað í þriggja vikna lotum þar sem unnið væri með þemað á hverjum degi í þrjár vikur. Þemavinna í þriggja vikna lotum reyndist ekki ganga upp sem skyldi á deildinni í vetur. Erfið aðlögun, samsetning barnahópsins og tilfærslur í barnahópnum yfir veturinn gerði það að verkum að erfitt reyndist að koma lotuvinnunni við. Einnig þótti starfsfólki deildarinnar lotuvinnan ekki henta svo ungum aldurshópi þar sem tilheyrandi umönnun gengur fyrir. Hentugra er að vinna þemavinnu á þeim stundum þegar næði gefst svo vinnan geti reynst sem gæðastundir fyrir börnin. Ítrekað kom eitthvað upp á sem varð til þess að ekki var hægt að halda sig við áætlaðar þemavikur. Öll börnin náðu að gera þau verkefni sem tengdust þemanum eftir að fyrirkomulaginu var breytt.

Tilraun var gerð með tvær spurningar til barnanna, hér eru nokkur dæmi um svör:

Hvað er skemmtilegast að gera í leikskólanum?

- Mér finnst gaman að leika
- Lita
- Með bíl
- Út að leika og leika inni

Hvað lærum við í leikskólanum?

- Leika með dót
- Sitja
- Ég læri að leika með dótið
- Ég geri kórónu

Nánari upplýsingar um starfið á Ungagarði 2020-2021 má finna í fylgiskjali, m.a. um nánari útfærslu þemaviknanna, málörvun og aðrar áherslur liðins vetrar.



3.5 Innra mat Lambagarðs

Í síðustu starfsáætlun var ákveðið að næst yrði gert innra mat á þemavinnunni. Áætlað var að vinna þemað í þriggja vikna lotum þar sem unnið væri með þemað á hverjum degi í þrjár vikur. Það gekk ekki upp að vinna þemað í þriggja vikna lotum á Lambagarði. Ítrekað kom eitthvað upp á sem varð til þess að ekki var hægt að halda sig við áætlaðar þemavikur. Öll börnin náðu að gera þau verkefni sem tengdust þemanum eftir að fyrirkomulaginu var breytt.

Þemavinna í þriggja vikna lotum reyndist ekki ganga upp sem skildi á deildinni í vetur. Óstöðugleiki í starfmannahópi deildarinnar, aðlögun og tilfærslur í barnahópnum yfir veturinn gerði það að verkum að erfitt reyndist að koma lotuvinnunni við. Einnig þótti starfsfólki deildarinnar lotuvinnan ekki henta svo ungum aldurshópi þar sem tilheyrandi umönnun gengur fyrir. Hentugra er að vinna þemavinnu á þeim stundum þegar næði gefst svo vinnan geti reynst sem gæðastundir fyrir börnin. Hér eru dæmi úr mati barnanna á starfinu:

Hvað er skemmtilegast að gera í leikskólanum?

- Lubbastund
- Spila hljóðfæri
- Syngja og dansa
- Knúsa Lubba
- keyra bílnum rosa hratt (sparkbíll)
- Út að leika
- Kubba
- Mála
- Púsla

Hvað gerir þú í leikskólanum?

- Moka sandinn minn
- sitja sófanum að lesa
- Klæða fötin
- Út að leika
- Lita
- Kubba
- Hrista í tónlist
- Leika

Nánari upplýsingar um starfið á Lambagarði 2020-2021 má finna í fylgiskjali, m.a. um nánari útfærslu þemaviknanna, málörvun og aðrar áherslur.



4 Greinargerð og innra mat sérkennslu

Á liðnu starfsári, 2020-2021 fékk eitt barn 100% stuðning í 1.flokki og annað minna hlutfall í 2.flokki. Sérkennslustjóri hélt utan um málörvunarhópa á tveimur deildum þar sem unnið var með hlustun, framburð, hljóðgreiningu, orðaforða og skilning. Sérkennslustjóri hefur fylgt barni í 100% stuðningi eftir að hluta og séð um þjálfun, kallað til teymisfundi reglulega og haldið utan um skýrslugerðir, þar með talið vegna skólaskila. Haldnir voru skilafundir með grunnskólum til að mikilvægar upplýsingar kæmust á milli skólastiga. Í vetur hefur áherslan snúist um að gera úrbætur varðandi fjöltyngd börn og setja upp móttökuáætlun og skilgreina betur hvernig hægt er að vinna með fjöltyngd börn í leikskólanum. Ekki náðist að sinna því öllu vegna heimsfaraldrar. Foreldrum er gjarnan bent á námskeið Heilsugæslunnar: Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar eða önnur námskeið eða úrræði á vegum þjónustumiðstöðvar. Fundir eru eftir þörfum með foreldrum og sérkennsluráðgjöfum. Sérkennsluráðgjafar veita foreldrum ráðgjöf og stuðning ásamt sérkennslu-stjóra og deildarstjóra. Sérkennslustjóri sækir reglulega samráðsfundi á þjónustumiðstöð, fundi hjá skóla- og frístundasviði, fræðslu sem býðst þar eða á GRR, HTÍ og eftir því sem leikskólastjóri hvetur til. Sérkennslustjóri á gott samstarf við deildarstjóra og annað starfsfólk leikskólans og miðlar upplýsingum, situr fundi með sérfræðingum, vinnur inni á deildum ýmist í hóp eða með einstaklingum og fylgist með hvernig gengur inni á deildum.

Mat á sérkennslu 2020-2021: Fjórtan börn hafa þurft íhlutun og þar af tíu fengið eftirfylgd frá þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis, ýmist sérkennsluráðgjöfum, hegðunarráðgjöfum, talmeinafræðingi og/eða sálfræðingum. Sérkennslustjóri hefur gert einstaklingsáætlanir út frá AEPS-listum og í samráði við deildarstjóra, verið tengiliður leikskólans og setið fundi með sérfræðingum og foreldrum. Níu börn eru tvítyngd eða með annað móðurmál en íslensku og hafa fimm þeirra fengið sérstaka málörvun með áherslu á aukinn orðaforða, skilning og tjáningu. Sérkennslan fór fram aðallega inn á deildum og í sumum tilfella einnig í einstaklingsvinnu. Við skráningu var AEPS-listinn notaður, orðaforðalisti Menntamálastofnunar hafður til hliðsjónar auk lista úr bókinni *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja- til þriggja ára barna* og skráningarblöð sem tilheyra málörvunarefninu Tölum saman. TRAS er lagt fyrir öll börn á leikskólanum. EFI-2 fyrir börn á fjórða aldursári (metum hvaða börn það eru) og Hljóm fyrir þau elstu. AEPS-listinn og einstaklingsáætlun unnin út frá því. Dæmi um námsefni sem notað var er: Lubbi finnur málbein, efni úr lærum og leikum með hljóðin, Tölum saman, Ljáðu mér eyra, efnið orðaskil, orðanám í leikskóla, ýmis spil og heimagert efni.

5 Greinargerð og innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021: Túlkaþjónusta er ávallt í boði vegna foreldra sem geta ekki tjáð sig á íslensku og leikskólinn útvegar viðeigandi námsgögn fyrir þennan hóp barna. Sem dæmi um daglega vinnu með orðaforða eru kennarar hvattir til að leggja orð á athafnir og hver kennari hvattur til að tala sérstaklega við barnið daglega (Gefðu 10 reglan). Málörvun er í gegnum “Lubbi finnur málbein” sem nýtt er á öllum deildum (sjá greinargerðir deilda í fylgiskjöllum). Lesið er sérstaklega með barni sem er fjöltyngt, yfirleitt daglega og orðaforði þannig dýpkaður. Einnig eru hljómfall, leikræn tjáning og myndir notaðar. Málörvunarhópar eru stöðugt í gangi þar sem unnið er sérstaklega með orðaforða, skilning, hlustun og tjáningu. Til að meta

framfarir barnanna er stuðst við orðaskil og orðaforða Menntamálastofnunar, TRAS, Bjargir (snemmtæk íhlutun) og Einn leikskóli, mörg tungumál. Aðaláherslan hefur verið á aukinn orðaforða, skilning og tjáningu en reynt er að huga að öllum þáttum máls. Börnin eru hvött til þátttöku í samverustundum og studd til þess. Í umbótaáætlun leikskólans fyrir næsta starfsár er skilgreint verkefni þar sem nýta á hæfnisramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn til að gera móttöku og stuðning við þennan hóp markvissari.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á vorönn 2021 og tók leikskólastjóri viðtölin. Veturinn 2020-2021 sótti starfsfólk Vinagarðs eftirfarandi fræðslu:

Nóvember: Sérkennslustjóri sótti fjölmenningsfund: Málörvun fjöltyngdra barna.

Janúar: Deildastjórar og Sérkennslustjóri sóttu námskeið Málröskun/málþroskaröskun- hugleiðingar/ráð. Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir.

Febrúar: Tveir deildarstjórar sóttu morgunverðarfund Rannung: Sterkari út úr kerfinu? Sérkennslustjóri sótti fjölmenningsfund: Millimenningarfræðsla og námskeið á vegum Málefis um úrræði fyrir eldri leikskóla- og yngri grunnskólabörn með málþroskaröskun.

Apríl: Sérkennslustjóri sótti námskeið á vegum Menntamálastofnunar: Kvíði Barna. Tveir deildastjórar sóttu námskeið um velferð: Jákvæð sálfræði fyrir starfsfólk skóla.

Mái: Sérkennslustjóri sótti námskeið á vegum Miðju máls og læsis: Læsisáætlun leikskóla

Júní: Sérkennslustjóri sótti kynningu á vegum Skóla og frístundasviðs: Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn á leikskóla

Í október, janúar, febrúar, mars, apríl og maí sótti sérkennslustjóri samráðsfundi þjónustumiðstöðvar.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólinn tekur þátt í samstarfsverkefninu Farsæl skil leik- og grunnskóla ásamt Langholtsskóla, Brákarborgar, Langholti og Sunnuás. Markmið samstarfs milli leikskóla og grunnskóla er að stuðla að jávæðri upplifun barnanna af flutningnum milli skólastiganna. Eitt af markmiðum samstarfsins er að börnin í hverfinu fái að kynnast áður en grunnskólagangan hefst og einnig að þau fái að kynnast Langholtsskóla. Vegna covid hefur samstarfið ekki verið sem skildi en við höfum haldið í þá dagskráliði sem hægt er. Eitt af því sem féll niður var heimsókn í Langholtsskóla þar sem skólastjórinn tekur á móti börnunum og sýnir þeim skólann.

Á degi íslenskrar tungu er venjan að hittast í Langholtsskóla, fræðast um Jónas Hallgrímsson og börnin syngja fyrir hvert annað. Í ár var það ekki hægt vegna covid en ákveðið var að hittast á zoom fundi og syngja fyrir hvert annað. Tveir leikskólar, Vinagarður, Brákarborg og 1. bekkur Langholtsskóla tóku þátt í þessu verkefni. Þetta tókst mjög vel og allir ánægðir. Í desember hittust Vinagarður, Brákarborg og 1. bekkur Langholtsskóla við Orminn í laugardalnum. Þar léku börnin sér. Einnig sungum við saman og gæddum okkur á kakói og piparkökum.



Skapast hefur gott samstarf milli Vinagarðs og Brákarborgar. Ákveðið hefur verið að hitta Brákarborg einu sinni í viku á vormisseri, m.a í Glaðheimum sem er frístund fyrir Langholtsskóla. Einnig er ætlunin að hitast líka í Laugardalnum. Það var okkur sönn ánægja að fá Brákarborg í heimsókn í Stóraskóg á haustdögum, en Stóriskógur er lítið skóglendi á leiksvæði leikskólans. Það var gaman að leyfa þeim að kynnst þeim mikla ævintýraheimi sem Stóriskógur er. Börnin skemmtu sér vel og voru áhugasöm að sýna þeim leiksvæðið sitt.

Á vordögum fara þau börn sem fara í Langholtsskóla í haust í heimsókn í 1. bekk. Þar fá þau að kynnst skólastofunni og vinna ýmis verkefni. Vegna covid var það ekki hægt. En í staðinn hittumst við á lóð Langholtsskóla, börnin léku sér og hittu kennara sína. Einnig er venjan að leikskólarnir í hverfinu og Langholtsskóla hittist á leikjadegi á vordögum. Stefnt er að því að hafa leikjadaginn í Orminum í Laugardalnum. Undanfarin ár hafa börn í frístund í Dalheimum komið til okkar á Vinagarð og leikið við börnin og lesið fyrir þau. Ekkert hefur orðið af því vegna covid. Samstarfið er okkur á Vinagarði dýrmætt og teljum við að börnin okkar verði betur undirbúin fyrir grunnskólanámið hvort sem þau fara í Langholtsskóla eða í annan grunnskóla. Einnig er gott að þau kynnist frístund.

8 Foreldrasamvinna

Kosið er í foreldraráð á fyrsta stjórnarfundum foreldrafélagsins að hausti hvers árs og er það skipað þremur fulltrúum úr stjórn félagsins og er kosið til eins árs í senn. Að hausti er öllu jafna haldinn foreldrafundur þar sem vetrarstarfið er kynnt og önnur mál rædd. Ekki var hægt að halda fundinn í haust sökum Covid.

Í upphafi leikskólagöngu barna er foreldrum þeirra boðið upp á viðtöl við deildastjóra. Í febrúar og mars er öllum foreldrum boðið upp á viðtöl við deildarstjóra. Ef foreldrar komast ekki á þeim tíma sem deildarstjórar bjóða upp á er reynt eftir fremsta megni að finna tíma sem hentar báðum aðilum.

Allir foreldrar eru sjálfkrafa í foreldrarfélaginu en reynt er að fá að minnsta kosti tvo fulltrúa foreldra af hverri deild í stjórn foreldrafélagsins. Aðalfundur félagsins fór fram í vor í gegnum netið. Þeir fundir sem fram fóru í vetur fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað sökum aðstæðna í þjóðfélaginu.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2021 - 2022

Nafn leikskóla: **Vinagarður**

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JULÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M Fullveldisdagurinn	1 L Nýársdagur	1 Þ	1 Þ Spengidagur	1 F	1 S Verkalýðsdagurinn	1 M	1 F
2 M Fridagur verslunarmanna	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M Öskudagur	2 L	2 M	2 F	2 L
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M Skipulagsdagur	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L	4 M
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S Hvítasunnudagur	5 Þ
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F Þrettándinn	6 S Dagur leikskólans	6 S	6 M	6 F	6 M Annar í Hvítasunnu	6 M
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F
8 S	8 M Dagur læsis	8 F	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 L
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S Pálmásunnudagur	10 Þ	10 F	10 S
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F Dagur íslenska táknaðsins	11 F	11 M	11 M	11 L	11 M
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S Sjómennadagurinn	12 Þ
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M Dagur stærðfræðinnar	14 F Skírdagur	14 L	14 Þ	14 F
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F Föstudagurinn langi	15 S	15 M	15 F
16 M	16 F Dagur íslenskrar náttúru	16 L	16 Þ	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 L
17 Þ	17 F	17 S	17 M Afmæli Vinagarðs	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S Þáskadagur	17 Þ	17 F Lyðveldisdagurinn	17 S
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M Annar í þakum	18 M	18 L	18 M
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ
20 F	20 M	20 M	20 L Dagur mannréttinda barna	20 M	20 F	20 S Korudagur	20 S	20 M Skipulagsdagur	20 F	20 M	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F Bóndadagur	21 M	21 M	21 F Sumardagurinn fyrsti	21 L	21 Þ	21 F
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F Námsferð	22 S	22 M	22 F
23 M	23 F	23 L Fyrsti vetrardagur	23 Þ	23 F Þorláksmessa	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 L
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F Aðfangadagur jóla	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L Jóladagur	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L	25 M
26 F	26 S Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ	26 F	26 S Annar í jólum	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F Uppteigningardagur	26 S	26 Þ
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M Skipulagsdagur	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ Skipulagsdagur	28 F	28 M Bóludagur	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M Skipulagsdagur	29 L		29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F Skipulagsdagur	30 S		30 M	30 L	30 M	30 F	30 L
31 Þ		31 S		31 F Gamlársdagur	31 M		31 F		31 Þ		31 S



10 Fylgigögn

10.1 Greinargerð deildarstjóra Uglugarðs um starfið 2020-2021

Í vinnunni með börnunum var lýðræði haft að leiðarljósi. Einnig var ríka áhersla á og unnið með orðin *vinalegur, hjálplegur og ráðagóður*. Börnin ræddu og skynjuðu mikilvægi þess að eiga góðan vin/vini og að vera vinalegur við hvort annað. Þau fundu gleðina í því að hjálpa hvert öðru. Einnig fundu þau leiðir til að vera ráðagóð ef eitthvað kom upp á. Áfram var unnið með sjálfshjálpinu og að fara eftir fyrir mælum. Einnig var unnið með einbeitingu og úthald. Allir þessir þættir skipta miklu máli þegar barnið fer í grunnskólann og er liður í því að undirbúa þau sem best fyrir grunnskólagönguna.

Þemavikur: Lagt var upp með að vinna þemað í þriggja vikna lotum á hvorri önn. Þemað í vetur var loftið. Við byrjuðum þemavinnuna á því að vera með hugmyndaflæði. Börnin voru spurð hvað þau vildu gera í þemavinnunni og hvernig. Allar hugmyndirnar voru skráðar á töflu fyrir framan þau sem hvatti þau til að taka þátt í umræðunni. Fyrir áramót settum við upp þrjár vinnustöðvar út frá hugmyndum barnanna. Stöðvarnar voru: Tilraunir með loftið, listsköpun og sögugerð. Öll börnin fóru í alla hópa. Í þemavinnunni eftir áramót var unnið með söguna Veiða vind. Börnin í yngri hóp völdu að búa til drekann úr sögunni. Einnig unnu þau fleiri verkefni tengd þemanu.

Eldri hópurinn vann að útskriftarverkefni. Hluti hópsins valdi leikbrúðuhóp. Þau bjuggu til leikbrúður og sömdu sögu út frá bókinni Veiða vind. Hinn hópurinn valdi leikhóp. Þau bjuggu til búninga og sömdu sögu úr bókinni Veiða vind. Í útskriftinni í vor sýndu börnin foreldrum sínum afraksturinn.

Málörvun: Í samverustundum með yngri börnunum var lögð áhersla á að vinna með málörvunarnámsefnið Lubbi finnur málbein ásamt fleiri málörvunarverkefnum. Einnig var unnið með verkefni tengd talnaskilningi. Byggt var ofan á hljóðainnlögnina á yngri deildum. Hljóðin og táknin voru rifjuð upp og söngvarnir sungnir. Í samverunni var einnig unnið með orðaforða, einbeitingu og úthald. Í vinnustundum og samveru með eldri börnunum var lögð áhersla á að auka orðaforða, úthald og einbeitingu. Einnig var lögð áhersla á að byggja ofan á hljóðainnlögnina á yngri deildum. Lögð var áhersla á að tengja saman hljóðin. Þar var einnig notast við málörvunarnámsefnið Lubbi finnur málbein. Samhliða því var unnið að ýmsum verkefnum sem styrkja hjóð- og málvitund barnanna.

Annað: Rík áhersla var lögð á að vinna með talnaskilning og hugtök tengd stærðfræði. Ýmist fór kennslan fram inni eða í útikennslu. Á Uglugarði er leikskvæði barnanna fyrir utan lóðina í litlum skógi. Þar læra þau að bera virðingu fyrir náttúrunni og leika með efniviðinn þar eins og steina og trjágreinar. Svæðið ýtir undir sjálfssprottinn leik. Vegna covid var minna um ferðir utan leikskólans en farið var í ýmsar ferðir með eldri börnin eins og Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið, fræðsluferð í Grasagarðinn og í Hallgrímskirkju þar sem við fengum fræðslu um jólin hans Hallgríms. Elstu börnin fóru á sundnámskeið í júní. Covid setti mark sitt á samstarfið við Langholtsskóla og leikskólana í hverfinu. Viðburðirnir voru að mestu færðir utandyra eða felldir niður en börnin hittu vini sína í Brákarborg bæði úti í náttúrunni og í Gláðheimum. Farið var í Áskirkju fyrir jólin og páska. Söngstund var með öllum deildum þegar covid ráðstafanir leyfðu á föstudögum.



10.2 Greinargerð deildarstjóra Kópagarðs um starfið 2020-2021

Á Kópagarði höfum við lagt áherslu á góð samskipti, kærleika og vináttu. Við höfum lagt upp með sjálfstæði barnanna, sjálfshjálpi og frjálsan leik en einkunnarorð leikskólans eru einmitt *trú, von og kærleikur*. Einnig er áhersla á umhverfismennt þar sem börnin læra að taka tillit og bera umhyggju og virðingu fyrir náttúrunni.

Þemavikur: Lagt var upp með að vinna þemað í þriggja vikna lotum á hvorri önn. Þema haustsins var loftið, unnið var jafnt og þétt að því að tvinna þemað inn í daglegt starf. Unnið var á margvíslegan hátt með loftið gerðar voru tilraunir, leikið í vindinum, blásið í blöðrur og leikið með þær og fleira. Þau máluðu margvísleg listaverk með sápukúlum, blöðrum og notuðu loftið í lungunum sínum til að blása á ýmislegt og allskonar efniviður var notaður. Þau sömdu einnig ljóð og sögur um loftið. Eftir áramótin var svo lesin sagan *Veidda vind* eftir Rakel Helmsdal sem er spennandi saga frá Færeyjum sem sögð er með orðum, myndum og tónlist. Einnig var unnið með söguna í tónlistarstundum sem voru einu sinni í viku í vetur en skapandi starf tengt henni var unnið jafnt og þétt.

Tónlistartímar: Unnið markvisst með frumpætti tónlistar hrynn, laglínu og texta undi leiðsögn tónlistarkennara. Hrynnur í nöfnunum okkar var sleginn bæði með höndum og svo með ásláttarhljóðfærum. Börnin lærðu skemmtileg ný sönglög og ásamt því að haldið var áfram að vinna með þau lög sem að börnin kunnu. Lesin var sagan af *Hnotubríótum* fyrir jólin og dansaður ballett með slæðum og blöðrum til að upplifa tónlistina og ævintýrið enn betur. Einnig unnum við með ævintýrið *Veidda Vind*, hlustuðum vel á ævintýrið nokkrum sinnum, lærðum sönglagið *Ólafur Liljurós* í tengslum við það og stofnuðum svo hljómsveit og sömdum tónverk í gegnum spuna. Við hlustuðum líka á ævintýrið *Maxímús músíkús* eftir þau Hallfríði Ólafsdóttur og Þórarinn Mát Baldursson, byrjuðum að læra lagið sem fylgir ævintýrinu og lærðum nöfnin á hljóðfærunum. Einnig var mikið sungið og spilað á hljóðfæri. Síðasta verkefni vetrarins í tónlistinni var svo að halda tónleika með vel völdum lögum fyrir foreldra á opnum degi leikskólans.

Málörvun: Notast var við málörvunarefnið *Lubbi finnur málbein*. Þessar stundir voru einu sinni viku þar sem hundurinn Lubbi kom í heimsókn og við lærðum nýjan staf og nýtt tákni í hverri viku. Farið var í leiki og nýjir söngvar lærðir. Einnig var farið í markvissa málörvun þar sem unnið var með samstöfun, rím, orðaleiki, að setja saman orð, ljóð og vísur. Daglega var lesið og sungið með börnunum, bæði í morgunsamveru og síðdegissamveru.

Annað: Útinám fór fram vikulega og var umhverfi leikskólans vel nýtt. Börnin völdu sér tré í Laugardalnum sem þau fylgdust með breytast í gegnum árstíðirnar. Við fylgdumst með gróðri og dýralífi og fórum í fuglaskoðunarferðir. Einnig fórum við í heimsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, gönguferðir, og heimsóttum leiksvæði og ævintýrasvæði í nágrenni leikskólans. Kristilegar stundir voru einu sinni í viku með elstu börnum deildarinnar þar sem sögur úr biblíunni voru lesnar og ræddar og svo unnið með þær. Einnig var unnið með vináttuna og kærleikann og hversu mikilvægt það er að vera góð hvert við annað og að sjálfsgöðu spruttu upp heimspekilegar vangaveltur í þessum dýrmætum stundum.

Þetta ár var ólíkt öllum öðrum þar sem margt í okkar starfi var háð takmörkunum vegna Covid. Heimsóknir í íþróttahús, húsdýragarðinn, val á milli deilda og fleira. Einnig fengu foreldrar takmarkaðan aðgang að leikskólanum og sýn þeirra á deildarstarfið varð minna ásamt því að aðgangur að okkur starfsfólkinu varð takmarkaður. Gluggar leikskólans voru betur nýttir til að foreldrar fengju meiri sýn á starfið og gætu verið meiri þátttakendur. Upp kom ný sýn á starfið sem gekk út á að finna nýjar lausnir og úrræði sem munu nýtast okkur í starfi um ókomin ár og því erum við reynslunni ríkari.



10.3 Greinargerð deildarstjóra Grísagarðs um starfið 2020-2021

Á Grísagarði höfum við lagt áherslu á góð samskipti, kærleika, góðvild og vináttu. Út frá þessum áherslum í samskiptum veltum við fyrir okkur vináttu, hvernig vinur börnin vilja vera og hvernig vini þau vilji velja sér. Einnig höfum við lagt upp með sjálfstæði barna, sjálfshjálp og frjálsan leik.

Þemavikur: Loftið var þemaverkefni okkar fyrir jól og tóku allir þátt í því. Við lærðum um loftið, hvað er loft og allir þurfa loft til þess að lifa. Við gerðum tilraunir með loftið og sáum að logi á kerti þarf loft til þess að lifa. Við fengum líka að sjá hvernig það var hægt að sprengja blöðru með lofti og svo gerðum við þotublöðru sem þaut áfram eftir bandi sem var fest upp. Við föndruðum líka það sem flýgur í loftinu og það sem er upp í himninum. Við máluðum myndir með því að blása lofti úr röri og við það fór málningin skemmtilega út um allt. Þemasagan okkar eftir áramót var um Pésa og Pippu og rauðu blöðruna hans. Við fórum út með blöðrur í bandi og lékum okkur með þær. Einnig voru blásnar sápukúlur sem við gátum elt og sprengt. Við föndruðum blöðru og endursögðum söguna um Pésa og Pippu. Auka- þema hjá yngri börnum var litirnir, gulur, rauður, grænn og blár. Unnar voru myndir sem voru tengdar þemanu með alls kyns efnivið. Einnig var unnið með líkamann okkar. Við ræddum um hann í hópastarfinu. Þemað var tekið í tveimur lotum sem stóðu yfir í þrjár vikur. Unnið var út frá því að allar deildar myndu prófa þrjár vikur. Ein lota á haustönn og ein á vorönn í staðinn fyrir að vinna með það einn dag í viku. Þó svo að þemað hafi verið unnið í lotum þá héldum við áfram að vinna með það jafnt og þétt yfir alla önnina. Þar sem við vorum með yngri börn fannst okkur við þurfa að halda efninu að þeim til þess að viðhalda þeirri þekkingu sem þau höfðu náð.

Málörvun: Í málörvun lærðum við íslensku málhljóðin með því að lesa og læra úr bókinni: *Lubbi finnur málbein*. Allir hafa haft gagn og gaman af þessu. Í hverri viku lærðum við nýtt málhljóð. Við lékum okkur með hljóðin og lærðum þannig hljóð og tákn stafanna og sungum vísurnar hástöfum. Við fórum markvisst í málörvun þar sem unnið var með rím, orðaleiki, settum saman orð og margt fleira

Annað: Við höfum kristilega stund hjá okkur á hverjum morgni. Í stundinni förum við með bænir, hlustum á sögur af Jesú og fáum ávexti. Við lærum líka minnisvers og söngva. Djákninn í Áskirkju kom í heimsókn til okkar þegar aðstæður leyfðu á vorönninni. Í vetur lærðum við um Krumma og fengum að föndra hann. Við föndruðum skraut fyrir jólin og fyrir páskana. Við máluðum og teiknuðum mikið. Ýmsar breytingar hafa orðið á starfinu okkar vegna covid og höfðu þær í för með sér ýmsar takmarkanir. Einnig breyttist aldursskiptingin á deildinni. Nú eru tveggja og þriggja ára börn á deildinni, en áður voru þriggja og fjögurra ára börn og því hefur aðeins verið breyting á starfinu okkar. Það fer mikill tími í að kenna yngri börnunum að klæða sig og sitja kyrr í samverustundum. Það fer einnig tími í að kenna þeim borðsiði. Til þess að kenna þeim þetta lesum við oft bókina um Bínu bálreiðu. Í bókinni lærir Bína að hlusta og ýmislegt fleira. Þar sem börnin eru yngri förum við minna út fyrir lóðina að skoða nær umhverfið eins og við höfum gert áður. Ekki var hægt að fara í T.B. R. eins við höfum alltaf gert. Einnig var ekki hægt að hafa val á milli deilda þar sem skólanum var skipt niður í hólf. Enginn dans var í boði og tónlistartímarnir voru með breyttu formi. Tónlistarkennari kom ekki inn á deild eins og í fyrra heldur tók deildarstjórinn að sér tónlistarkennsluna og dansinn einu sinni í viku. Hefur hún notað mikið efni og hugmyndir frá Birte Harsen af heimasíðunni bornogtonlist.net. Hópnum er skipt í litla hópa og fá þau m.a. að spila á hljóðfæri og syngja. Þau fá einnig að fara í leiki með tónlist og dansi. Á föstudögum er söngstund fastur liður hjá okkur í leikskólanum.



10.4 Greinargerð deildarstjóra Ungagarðs um starfið 2020-2021

Á deildinni er áhersla lögð á frjálsan leik ásamt því að börnin læri sjálfstæði. Á deildinni voru 15 börn sem fædd eru 2018 og 2019 og þrír starfsmenn, allar í 100% starfi. Á Ungagarði hefur verið nokkuð góður stöðugleiki í starfsmannamálum í vetur. Tveir starfsmenn eru búnir að vinna á deildinni í nokkur ár en einn nýr starfsmaður kom inn í ágúst en hætti síðan í febrúar, þá kom annar nýr starfsmaður inn. Aðlögun dróst á langinn og sköpuðust krefjandi aðstæður fyrir börn og starfsfólk á tímabili. Leitað var ráðgjafar til Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis í janúar sem kom og gekk starfið töluvert betur í framhaldi af því.

Þemavikur: Þema haustannarinnar voru litirnir, lögð var áhersla á grunn litina rauðan, bláan og gulan en starfsfólk deildarinnar lagði áherslu á að minnst væri á litina í daglegu tali ásamt því að unnar voru myndir tengdar þemanu, notaður var fjölbreyttur efniviður til þess að stimpla litina á blað. Þema vorannarinnar var loftið en þá las starfsfólk deildarinnar bókina Pési og Pippa: rauða blaðran ásamt því að börnin fræddust um loftið. Einnig var ákveðið á Ungagarði að hafa lítið þema sem tengdist krumma þar sem að börnin eru mjög áhugasöm um hann. Lögð var áhersla á að lesa og syngja vísur um krumma eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson, svo fengu börnin að föndra krumma.

Málörvun: Málörvun hefur einnig spilað stórt hlutverk. Við málörvunina hefur verið notast við efni eftir þær Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur, Lubbi finnur málbein. Lögð hefur verið áhersla á neðstu línuna í hljóðaklettunum, þau hljóð sem eru ætluð tveggja ára börnum og svo að þau læri sitt hljóð og tákni. Til að auka sjálfstæði þeirra hefur verið unnið markvist með að þau læri að klæða sig sjálf í og úr og það hefur gengið ágætlega. Einkunnarorð leikskólans eru trú, von og kærleikur svo lögð hefur verið áhersla á að þau tileinki sér það eins vel og hægt er.

Tónlist: Tónlistarstundir hafa farið fram einu sinni í viku í eftir áramót, á fimmtudagsmorgnum en Aðalheiður Sighvatsdóttir leiðbeinandi á deildinni hefur haldið utan um þessar stundir og skipulagt þær. Hún hefur notast við efni og hugmyndir af heimasíðuni bornogtonlist.net sem Birte Harsen sér um. Þá hefur hópnum yfirleitt verið skipt í nokkra litla hópa og meðal þess sem þau gera er að syngja, spila á hljóðfæri, fara í leiki með tónlist og margt fleira. Einu sinni í viku, á föstudögum, hafa verið söngstundir þar sem að börn og starfsfólk allra deilda hittast og syngja saman.



10.5 Greinargerð deildarstjóra Lambagarðs um starfið 2020-2021

Á Lambagarði voru tveir fastir starfsmenn í vetur en annar þeirra fór í átta vikna veikindaleyfi í september og október 2020. Hinn starfsmaðurinn hefur verið í námi í vetur og fór því í lotur þrisvar sinnum á önn í þrjá daga í senn. Í lok vorannar fór sá starfsmaður einnig í veikindaleyfi. Sökum þessa hafa aðrir starfsmenn þurft að koma inn á deildina en það hefur gengið vel. Börnin hafa lengst af verið 10 á deildinni og eru fædd árin 2018 og 2019. Fjögur börn hafa flust yfir á eldri deild eftir áramót og í staðinn hafa fjögur bæst við barnahópinn á Lambagarði. Lögð er áhersla á frjálsan leik, sjálfstæði barnanna og málörvun. Einkunnarorð leikskólans eru *trú, von og kærleikur* og var inntak þessara orða í hávegum höfð á deildinni.

Þemavikur: Þema haustsins voru litirnir en lögð var áhersla á grunnlitina gulan, rauðan og bláan. Við unnum verkefni tengdum þeim, stimpluðum litamyndir og gerðum ýmis listaverk. Einnig var litunum haldið að börninum í daglegu starfi og tali, til dæmis með því að benda á litina og ýta undir umræðu um þá. Eftir áramót var þemað á deildinni loftið en lesin var bókin *Pippa og Pési, rauða blaðran* eftir Axel Scheffler. Auk þess að fjalla um ferðalag blöðru um loftið kennir boðskapur sögunnar um mikilvægi vináttunnar. Börnin föndruðu blöður og gerðu endursögn af sögunni með eigin orðum. Einnig föndruðu þau fleira tengt loftinu, til dæmis fiðrildi, flugvélar, krumma, loftbelgi og fleira. Þemað, bæði fyrir og eftir áramót, var svo fléttað inn í daglegt starf deildarinnar og litirnir og loftið rætt í daglegu tali.

Málörvun: Málörvunin fer að miklu leiti fram með efninu *Lubbi finnur málbein* eftir þær Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur en mesta áherslan var lögð á að þau lærðu neðstu línuna í hljóðaklettunum, þ.e. fyrstu máltökuhljóðin, ásamt því að þau lærðu sitt hljóð og tákni. Boðið var upp á *Lubbastundir* einu sinni í viku þar sem að farið var yfir málhljóð vikunnar og tilheyrandi lag sungið. Hvert málhljóð var tekið fyrir í tvær vikur hjá okkur á yngstu deildunum. Einnig var lögð áhersla á að setja orð á hluti og athafnir daglegs starfs.

Tónlist: Tónlistastundir hafa verið reglulega í vetur, um það bil einu sinni í viku, en deildarstjóri deildarinnar hefur séð um þær. Þar kynntust börnin ýmsum hljóðgjöfum og fengu að spreyta sig á ýmis hljóðfæri. Lögð var áhersla á að klappa í takt og að syngja einfaldar vísur, auk þess fengu börnin frjálsa stund með tónlist og dansi þar sem þau fengu meðal annars að leika með blöður eða slæður. Einnig hafa söngstundir verið haldnar einu sinni í viku, yfirleitt á föstudögum í vetur ef aðstæður og samkomu-takmarkanir hafa leyft.

Annað: Frjálsi leikurinn hefur að miklu leiti farið fram inni á deild fyrri hluta dags og svo fara börnin út helst tvisvar á dag, fyrir hádegi og eftir síðdegishressingu og þar er mikil áhersla lögð á frjálsan leik. Börnin eru hvött til þess að klæða sig sjálf í og úr útifötunum, borða sjálf og þess háttar. Lögð var áhersla á að börnin væru vinaleg hvert við annað og að þau tileinkuðu sér þessi einkunnarorð. Börnin lærðu borðbæn og kristilega söngva auk þess að hlusta á Biblíusögur í samverustundum. Covid hefur vissulega sett strik í reikninginn á þessu ári en til dæmis hafa foreldrar ekki getað komið inn á deildina og því höfum við tekið á móti börnunum úti. Þó hafa verið gerðar undantekningar þar á rétt á meðan að á aðlögun hefur staðið en þá þurftu foreldrar að vera með grímur. Einnig höfum við ekki getað haldið opið hús, opnar söngstundir og þess háttar með venjulegum hætti vegna samkomu-takmarkana en við höfum þó reynt að halda sem flestu eins og venjulega. Til þess að koma til móts við foreldra var opinni söngstund eitt sinn streymt á Facebook-síðu leikskólans til þess að foreldrar barnanna gætu fylgst með án þess að mæta í eigin persónu. Við munum klárlega læra af þessu og aðlaga okkur að breyttum aðstæðum í framtíðinni en allt hefur haft sína kosti og galla.



10.6 Umsögn foreldraráðs

Það er mat foreldraráðsins að starfsáætlun sé metnaðarfull, ítarleg og vönduð. Vinagarður hefur á að skipa góðum hópi starfsmanna og færum hópi stjórnenda sem skilar sér í fyrirmyndar starfi þar sem velferð barnanna er ávallt höfð að leiðarljósi. Starfið er virkilega metnaðarfullt og fjölbreytt og er nærumhverfi leikskólans vel nýtt, sbr. gott samstarf við Langholtsskóla, Áskirkju sem og tíðar heimsóknir í Laugardalinn sem styðja einmitt vel við áherslur leikskólans um að börnin læri um náttúruna. Þá er sérstaklega ánægjulegt hversu vel er hlúð að tónlistarkennslu í skólastarfinu enda ekki allir leikskólar sem státa af tónlistarkennara á meðal starfsfólks.

Á Vinagarði er starfsandi með eindæmum góður sem skilar sér í ánægðum börnum og foreldrum, enda er frábært samstarf á milli leikskólans og foreldrafélags. Það ríkir gagnkvæm virðing og traust starfsmanna, foreldra og barna. Starfsmenn fjölmenna á viðburði á vegum foreldrafélagsins, utan vinnutíma, sem er einstakt. Undanfarið eitt og hálf ár reyndi óvenjumikið á starfsfólk leikskólans vegna Covid-19 farsóttarinnar sem kallaði á breytt skipulag en stjórnendur og starfsfólk eiga hrós skilið fyrir fumlaus og góð vinnubrögð. Leikskólinn hélt opnunartíma sínum þrátt fyrir miklar takmarkanir í samfélaginu og starfsfólkið náði með eindæmum vel að láta börnunum líða vel þrátt fyrir mikla óvissu og streitu víða í samfélaginu.

Að mati foreldraráðsins eru stjórnendur leikskólans afar hæfir sem og starfsmenn sem skilar sér í öflugu og metnaðarfullu starfi. Starfsáætlun er vel unnin og lýsir vel því starfi sem framundan er.

f.h. foreldraráðs,

Sigríður Ýr Aradóttir



Vinagarður
Leikskóli KFUM og KFUK

